	Hafnarfjarðarbær
Innk:	22/7 2015
Málsnr:	1212008
Bréfal:	101

**EFTIRLITSNEFND MEÐ
FJÁRMÁLUM SVEITARFÉLAGA**

EFS

**Immanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík
Sími 545 9000, netfang: postur@irr.is**

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 15. júlí 2015
Tilv.: IRR15010143/18.11.3

Efni: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Í framhaldi af bréfi Hafnarfjarðarbæjar til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 23. mars sl., er meðfylgjandi afrit af bréfi nefndarinnar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 13. júlí sl.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Eiríkur Benónýsson

**EFTIRLITSNEFND MEÐ
FJÁRMÁLUM SVEITARFÉLAGA**

EFS

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólsögðu 7
150 Reykjavík

Imanríkisráðuneytið
Sölvhólsögðu 7, 150 Reykjavík
Sími 545 9000, netfang: postur@irr.is

Reykjavík 13. júlí 2015
Tilv.: IRR15010143/18.11.3

Efni: Hafnarfjarðarbær - umsögn vegna óska um framlag vegna sérstakra fjárhagserfiðleika.


Við er í bréf Hafnarfjarðarbæjar til EFS frá 23. mars 2015. Bréfið er ritað í framhaldi af bréfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Hafnarfjarðarbæjar dags. 23. janúar 2015 og umsögn eftirlitsnefndarinnar til Jöfnunarsjóðsins dags. 16. desember 2014. Afrit af bréfi þessu er jafnframt sent til Hafnarfjarðarbæjar.

Í framhaldi af ósk Hafnarfjarðarbæjar í bréfi dags. 8. október 2014, um styrk vegna úttekta á rekstri sveitarfélagsins, óskaði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga með bréfi dags. 14. nóvember 2014 eftir umsögn eftirlitsnefndarinnar á framlagi vegna sérstakra fjárhagserfiðleika í samræmi við b.lið 7.gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010. Með fyrrnefndu bréfi EFS til Jöfnunarsjóðsins var niðurstaða nefndarinnar að ekki séu forsendur til þess að mæla með framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna kostnaðar við úttekt á rekstrinum. Niðurstaða eftirlitsnefndarinnar byggir á b.lið 7.gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og í samræmi við óskir Jöfnunarsjóðsins vegna þessa.

Í framhaldi af óskum Hafnarfjarðarbæjar til EFS hefur eftirlitsnefndin tekið erindi sveitarfélagsins til frekari umræðu. Niðurstaða nefndarinnar er sem fyrr að ekki séu forsendur til þess að mæla með framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna sérstakra fjárhagserfiðleika Hafnarfjarðarbæjar og vísar nefndin til fyrri rökstuðnings þessa efnis sem fram kemur í bréfi EFS til Jöfnunarsjóðsins dags. 16. desember 2014. EFS ítrekar að þrátt fyrir að niðurstaða hennar sé á þennan veg, er ákvörðun sveitarstjórnar um óháða úttekt á rekstri jákvæð og í samræmi við skyldur sveitarstjórna um ábyrga stjórn fjármála sveitarfélaga.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson

Samrit: Hafnarfjarðarbær